

Fundargerð 3. fundar stjórnar SSÍ 2019-2021 Þriðjudaginn 24. september 2019

Mættir : Björn Sigurðsson formaður, Hilmar Örn Jónasson, Jón Hjaltason, Viktoría Gísladóttir gjaldkeri, Leifur Guðni Grétarsson varastjórn, Emil Örn Harðarson móta- og miðlunarstjóri, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Elsa María Guðmundsdóttir,
Afboða, mæta ekki : Hörður Oddfríðarson ritari, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Júlía Þorvaldsdóttir varaformaður, Oddur Örnólfsson, og Hrafnhildur Lúthersdóttir varastjórn
Fundur settur kl. 18:00

1. Fundargerð síðasta fundar

a. *Farið yfir fundargerð síðasta fundar og málum fylgt eftir.*

2. Starfsnefndir SSÍ

a. Farið yfir fyrirliggjandi lista um mönnun starfsnefnda:

Það vantar ennþá að skipta Íþróttamannanefnd og Sundíþróttanefnd. Aðrar nefndir staðfestar og settar inn á heimasíðu.

3. Íslandsmót og starfsemi

a. Bikarkeppni SSÍ í 25 m laug

Mótastjóri segir frá undirbúningi og stöðu mála. Mótinu verður streymt á netinu.

b. Næstu landsliðsverkefni

NM í Þórshöfn í Færeyjum 28. Nóv - Viðræður um mönnun í gangi

EM 25 í Glasgow 5-8 des - Viðræður í gangi. Sótt um fyrir tvo dómara. Mönnun í gangi.

c. FINA þjálfaranámskeið

Framkvæmdastjóri segir frá FINA Level 3 þjálfaranámskeiði í liðinni viku sem haldið var af Dr. Genadijus. 10 manns luku námskeiðinu, þar af 3 Íslendingar, og vel af því látið. Það voru vonbrigði að fleiri Íslendingar mættu ekki á námskeiðið.

d. Breytingar á stjórn

Jón Hjaltason kys að víkja úr stjórn SSÍ. Stjórn SSÍ þakkar Jóni fyrir vel unnin störf í þágu sambandsins. Leifur Guðni kemur inn í aðalstjórn og leitað verður að nýjum varamanni í hans stað. Finna verður nýja formenn í þeim nefndum sem Jón leiðir sem eru mannvirkjanefnd, kjörnefnd og afmælisnefnd.

e. Fundur með Fimleikasambandinu

Framkvæmdastjóri og formaður gera grein fyrir fundi með Fimleikasambandinu vegna kerfis sem þeir hafa tekið upp til að halda utanum fjölda iðkenda og mótaskráningar óháð Felix kerfinu. Rætt um að hafa námskeið um notkun á Felix.

f. Framundan í október

Stefnt að því að hafa fundi með formönnum, sundmönnum þjálfurum, stjórnarmönnum og foreldrum. Nánar kynnt síðar.

4. Afreksmál

a. Mælingadagar

Mælingadagar gengu mjög vel fyrir sig

b. Kostnaður vegna afreksmála fundir með formönnum

Formaður segir frá fundum með formönnum félaganna og hugmyndum af útfærslu

c. Samanburður við önnur lönd

Fundargerð 3. fundar stjórnar SSÍ 2019-2021 Þriðjudaginn 24. september 2019

Framkvæmdastjóri mun í samvinnu við umsjónarmenn landsliða gera grein töflu/línurit með hvar við stöndum í dag m.v nágrannaþjóðir og samanburð við fyrri ár.

5. Fundargerðir nefnda

Engar fundargerðir lágu fyrir fundinum

6. Félagaskipti

Engin félagaskipti lágu fyrir fundinum

7. Staðfesting meta

Engin met lágu fyrir til samþykktar

8. Aðsend erindi

Engin aðsend erindi lágu fyrir fundinum.

9. Önnur mál

- a. Fundur með Sundráði Reykjavíkur

Framkvæmdastjóri segir frá fundi með Sundráði Reykjavíkur

- b. Fundur með formanni Fjölnis

Formaður segir frá fundi með Jóhannesi formanni Fjölnis

- c. Tími í sundlaug Akureyrar fyrir Óðinn

Sundfélagin Óðinn á Akureyri hefur tekist að fá það í gegn að félagið hafi, í fyrsta skipti í sögunni, aðgang að öllum brautum sundlaugar Akureyrar á milli kl: 17 og 19 virka daga. Stjórn SSÍ fagnar þessu og eftirfarandi bókun var gerð:

„Stjórn SSÍ fagnar ákvörðun Frístundaráðs Akureyrar frá 16.þessa mánaðar, um aukinn æfingatíma fyrir Sundfélagið Óðinn. Þessi ákvörðun ráðsins er auðvitað löngu tímabær en ber jafnframt vott um framsýni þeirra sem í ráðinu sitja. SSÍ þakkar Akureyrarbæ gott samstarf á liðnum árum og vonar að það verði jafngott í framtíðinni.“

Fundi slitið kl. 19:45